

FUNDARBOÐ

**192. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal/fjarfundarbúnaði, 29. október 2020 og
hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2010003F - Bæjarráð - 619

Lögð fram fundargerð bæjarráðs frá fundi nr. 619.

2. 2009007F - Skipulags- og bygginganefnd - 244

Lögð fram fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá fundi nr. 244.

3. 2010002F - Skipulags- og bygginganefnd - 245

Lögð fram fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá fundi nr. 245.

4. 2009009F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 7

Lögð fram fundargerð 7. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

5. 2010001F - Skóla- og fræðslunefnd - 178

Lögð fram fundargerð skóla- og fræðslunefndar frá fundi nr. 178.

Erindi til kynningar

6. 2010004 - Fundargerð 188. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

Lögð fram til kynningar opinber útgáfa fundargerðar 188. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga frá 9. október 2020.

7. 2010012 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélga

Lagt fram tölvuskeyti Vals Rafns Halldórssonar, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 17.október sl., þar sem boðað er til XXXV. landsþing sambandsins, sem haldið verður föstudaginn 18. desember nk., en samkvæmt 7. gr. samþykktu Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, boðaðir til landsþings.

8. 2006017 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Lagðar fram fundargerðir 161. og 162. fundar ásamt fundargerð aðalfundar heilbrigðisnefndar Vesturlands. Einnig er lögð fram ársskýrsla fyrir árið 2019.

9. 2010018 - Ágóðahlutagreiðsla 2020

Lagt fram erindi frá Brunabótafélagi Íslands þar sem tilkynnt er um ákvörðun stjórnar EBÍ um að greiddar verði 70 millj. til aðildarsveitarfélaga fyrir árið 2020. Hlutdeild Stykkishólmsbæjar í Sameignasjóði EBÍ er 1,299% og greiðsla ágóðahluta 2020 verður því kr. 909.300. Þá kemur jafnframt fram að á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ hafi verið samþykkt að áfram muni hluti hagnaðar af starfsemi félagsins vera

greiddur út til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

10. 1912013 - Fundargerðir 2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 883. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 8. maí sl.

Fundargerðin hefur jafnframt verið birt á vef sambandsins með þeim gögnum sem lögð voru fram á fundinum.

11. 2007006 - Stöðuskýrslur uppbyggingarteymis

Lögð fram stöðuskýrsla nr. 6 til ráðgefandi aðila frá teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

12. 2010014 - Fundargerðir starfshóps um stöðu og stefnu úrgangsmála á Vesturlandi

Lögð fram fundargerð 1. fundar starfshóps um stöðu og stefnu úrgangsmála á Vesturlandi.

13. 1912013 - Fundargerðir 2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 889. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 16. október sl.

Fundargerðin hefur jafnframt verið birt á vef sambandsins með þeim gögnum sem lögð voru fram á fundinum.

14. 2004031 - Hönnun á útsýnisstað í Súgandisey

Dómnefnd hefur nú valið vinningstillögu í samkeppni um útsýnisstað á Súgandisey við Stykkishólm. Vinningstillagan var unnin af Glámu-Kím og Landslagi í samstarfi við Ólöfu Nordal og Gunnar Karlsson. Tillagan er óhefðbundin útsýnisstaður sem ber heitið Fjöregg. Fjöreggið er útsýnisskúlpúr, útsýnispallur, upplifunar- og áningastaður allt í senn.

Lagðar eru fram greinargerðir frá teyminum fjórum sem tóku þátt í samkeppninni, álit dómnefndar og minnisblað bæjarstjóra vegna málsins þar sem m.a. má finna hlekk á myndband þar sem vinningstillagan er kynnt formlega, en vegna þróun COVID-19 faraldursins var ekki unnt að halda formlegan viðburð til að kynna vinningstillöguna og aðrar tillögur sem bárust.

15. 2010023 - Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar

Lagt fram erindi frá Sigrúnu Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. Velferðarnefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu), 28. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 11. nóvember nk.

16. 2010008 - Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum

Lagt fram erindi Kormáks Axelssonar, f.h. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns), 11. mál.

17. 2010009 - Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

Lagt fram erindi Kormáks Axelssonar, f.h. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 14. mál.

18. 2010011 - Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna

laga um kynrænt sjálfræði

Lagt fram erindi Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði (breytt kynskráning), 21. mál.

19. 2010025 - Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti

Lagt fram erindi Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, 209. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 5. nóvember nk.

20. 2010010 - Umsögn um frumvarp til laga um stjórnslu jafnréttismála

Lagt fram erindi Kormáks Axelssonar, f.h. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um stjórnslu jafnréttismála, 15. mál.

21. 2010022 - Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar

Lagt fram erindi frá Sigrúnu Helgu Sigurjónsdóttir, f.h. velferðarnefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar (hækkun lífeyris), 25. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 10. nóvember nk.

22. 2010029 - Ráðgjafakostnaðar við Ægisgötu - skrifleg fyrirspurn

Lögð fram skrifleg fyrirspurn Lárusar Ástmars Hannessonar, bæjarfulltrúa, þar sem óskað er eftir skriflegu svari við fyrirspurn um ráðgjafakostnaðar bæjarins í tengslum við ágreining lóðarhafa Ægisgötu 1, Ægisgötu 3 og Austurgötu 12 vegna framkvæmda við Ægisgötu 1, ásamt skriflegu svari bærarstjóra.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

23. 1904026 - Víkurgata 3-Umsókn um tilkynningarskylda framkvæmd

Tekin er fyrir umsókn frá Jakobi Inga Jakobssyni um endurbyggingu og stækkun á geymslu við Víkurgötu 3. Erindið var grenndarkynnt samkvæmt 44. gr.skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum húsa við Víkurgötu 1 og 5, frá 21. ágúst til 18. september 2020. Athugasemdarbréf barst frá Heimi Laxdal Jóhanssyni, Víkurgötu 5.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti, á 244. fundi sínum, umsögn skipulagsfulltrúa og vísaði þar með afgreiðslu á erindi til byggingarfulltrúa.

Bæjarráð staðfesti, á 619.fundi sínum, ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar. Er afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

24. 2010026 - Húsnæðismál Barnaskólans í Stykkishólmi (Tónlistaskóli Stykkishólms)

Vegna aðkallandi leka á þaki Barnaskólans í Stykkishólmi, nú Tónlistaskóla Stykkishólms, leggur bærarstjóri til breytingu á forgangsroðun fjárfestinga.

Bæjarráð fól bærarstjóra og forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar að taka upp viðræður við verktaka sem sjá átti um viðgerðir á þaki flugstöðvar o.fl. um að breyta verkinu vegna aðkallandi framkvæmda við viðgerðir á þaki Barnaskólans í Stykkishólmi, nú Tónlistaskóla Stykkishólms, að teknu tilliti til fyrra tilboðs.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

25. 2010027 - Fyrirkomulag skólastarf leikskólans milli jóla og nýárs 2020

Lagðar fram tillögur leikskólastjóra sem lagðar voru fyrir 172. fund í skóla- og fræðslunefn um fyrirkomulag og skipulag leikskólans á milli jóla og nýárs, ásamt afgreiðslu nefndarinnar. Á 610. fundi bæjarráðs tók bæjarráð vel í fyrirbyggjandi hugmyndir og hvatti skóla- og fræðslunefnd til þess að vinna málið áfram.

Á 619. fundi sínum tók bæjarráð til umræðu þær leiðir sem skólastjóri leikskólans í Stykkishólmi lagði til á 172. fundi skóla- og fræðslunefndar um fyrirkomulag og skipulag leikskólans á milli jóla og nýárs.

Bæjarráð tók jákvætt í að breytingar verði gerðar í samræmi við tillögur skólastjóra og leggur til að leikskólinn verði opinn en foreldrar geti sótt tímanlega um leyfi og greiði samkvæmt því, sbr. tillaga 2 í bókun skóla- og fræðslunefndar. Bæjarráð fól bærstjóra að ræða við skólastjóra um nánari útfærslu og leggja fyrir næsta bærstjórnarfund.

26. 2010015 - Staða slökkviliðsstjóra Stykkishólms og nágrennis

Í ljósi þess að núverandi slökkviliðsstjóri, Álfgeir Marinósson, var ráðinn tímabundið leggur bærstjóri til að auglýsa stöðu slökkviliðsstjóra lausa til umsóknar.

Bæjarráð samþykkti, á 619. fundi sínum, að auglýsa stöðu slökkviliðsstjóra fyrir Slökkvilið Stykkishólms og nágrennis.

Er afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bærstjórn.

27. 2009042 - Fótaaðgerðarstofa - Sundarbakki 8a

Guðfinna Rúnarsdóttir, f.h. Útgerðafélagsins Grund ehf., óskar eftir leyfi fyrir að setja upp fótaaðgerðarstofu í bílskúr Sundabakka 8a. Á lóðinni eru 3 bílastæði og að auki eru 2 sameiginleg bílastæði með lóð Sundabakka 10. Framkvæmdin felur ekki í sér neina breytingu á húsnæði að utanverðu. Aðstaða stofunnar er sett upp í samræmi við þær kröfur sem settar eru til aðstöðu fótaaðgerðarstöðu.

Skipulags- og byggingarnefnd tók jákvætt í erindið á 244. fundi sínum, en skv. skipulagsfulltrúa lágu m.a. fyrir nefndinni upplýsingar um samþykki Sundabakka 10 og 10a fyrir starfseminni.

Bæjarráð staðfesti á 619. fundi sínum afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar á 619. fundi sínum og benti fyrirspyrjanda jafnframt á að grenndarkynna þarf byggingarleyfisumsókn þegar hún berst. Óskað er eftir að stuttlega verði gerð grein fyrir umfangi starfseminnar í slíkri umsókn s.s. um fjölda starfsmanna o.s.frv.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bærstjórn.

28. 2006015 - Ægisgata 1 - Rif á stoðveggjum, gerð nýrra stoðveggja, uppsetning glerhandriða

Lagt fram erindi frá Sigurbjarti Loftssyni aðalhönnuði f.h. Guðbrands Björgvinssonar vegna Ægisgötu 1 í Stykkishólmi. Um er að ræða færslu og breytingu á staðsetningu stoðveggja á lóð Ægisgötu 1, auk uppsetningu glerhandriða. Óskað er eftir niðurrifi og færslu á stoðveggjum sem þegar hafa verið steypdir á móts við Ægisgötu 3. Nýir stoðveggir verða steypdir innan lóðar Ægisgötu 1. Þá er sótt um glerveggi, um 90 cm á hæð, sem verða handrið á stoðveggjum að norðanverðu á móts við Austurgötu 12. Rétt er að mati byggingarfulltrúa að kynna framkvæmdina fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóðar. Glerveggir/handrið ofaná steypa lóðarveggi á móts við Austurgötu

12, eru byggingarleyfisskyld framkvæmd sbr. grein 2.3.5 í byggingarreglugerð. Í ljósi þess að ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir Ægisgötu, er erindinu vísað til skipulagsnefndar.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti að grenndarkynna umsóknina vegna glerhandriðs/glerveggjar á stoðvegg í norðurhorni lóðarinnar fyrir hagsmunaaðilum að Austurgötu 12 og Ægisgötu 3 með vísan til 44. gr. skipulagslaga nr. 123 frá 2010. Skipulagsfulltrúi óskaði jafnframt eftir viðbótar uppdráttum sem sýna hæðarkóta á lóð í sneiðingu og útlitsmyndum sem sýna frágang á lóð við stoðvegg og glerhandriðs/glervegg.

Erindi var grenndarkynnt frá 18. september til og með 16. október 2020. Athugasemdarbréf barst frá hagsmunaaðilum dagsett 8.október 2020.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti á 244. fundi sínum framlagða umsögn Landslaga og vísaði erindi til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Bæjarráð staðfesti ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar á 619. fundi sínum.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

29. 1904044 - Yfirlit útrása og tillögur að sameining fráveituútrása í Stykkishólmi

Bergur Hjaltalín, forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar, kom til fundar við bæjarráð, á fundi nr. 619, og fór yfir mögulegar leiðir hvað framgang fráveitumála í Maðkavík varðar og stöðu annarra fráveitufamkvæmda í Stykkishólmi samkvæmt fyrirbyggjandi fjárfestingaráætlun.

Bæjarráð samþykkti að fela forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar gera verðkönnun.

Til að tryggja framgang verkefnisins, ef af verður og sé það vilji bærarstjórnar, leggur bærarstjóri til að bærarstjórn feli bæjarráði umboð til ákvarðanartöku um framhald verkefnisins og samningsgerðar.

30. 2010001 - Tilboð og verkáætlun fyrir innleiðingu jafnlaunakerfis

Lögð fram tilboð og verkáætlun fyrir innleiðingu jafnlaunakerfis. Á 619. fundi bæjarráðs var bærarstjóra falið að ganga frá samningi við Attentus, mannauði og ráðgjöf ehf. á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs.

Er afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

31. 2006058 - Skipan í ungmennaráð 2020

Samkvæmt erindisbréfi ungmennaráðs skipar bærarstjórn sjö fulltrúa á aldrinum 14 til 24 ára og þrjá til vara í ráðið, eitt ár í senn, að fengnum tillögum frá fjórum aðilum sem tilteknir eru í erindisbréfi. Fyrir bærarstjórn eru lagðar fram tilnefningar í ungmennaráð frá þeim aðilum sem skv. erindisbréfi ber að tilnefna í ráðið.

32. 2010016 - Gjaldskrár Stykkishólmsbæjar 2021 (fyrri umræða)

Bæjarráð samþykkti á 619. fundi sínum, gjaldskrár Stykkishólmsbæjar, með áorðnum breytingum, og vísaði þeim til fyrri umræðu í bærarstjórn. Jafnframt vísaði bæjarráð gjaldskrá til umsagnar í viðkomandi fastanefndum.

Fyrir bærarstjórn eru lagðar fram til fyrri umræðu gjaldskrár Stykkishólmsbæjar 2021 sem taka mið af forsendum fjárhagsáætlunar 2021-2024 sem samþykktar voru af bærarstjórn í september sl. og breytingum bæjarráðs.

33. 2010007 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2022-2024 (fyrri umræða)

Bæjarráð samþykkti, á 619. fundi sínum, fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2021 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2022-2024 og vísaði til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Jafnframt vísaði bæjarráð fjárhagsáætlun (deildum) til umsagnar í viðkomandi fastanefndum.

Fyrir bæjarstjórn eru lögð fram til fyrri umræðu fjárhagsáætlun ársins 2021 ásamt þriggja ára áætlun árána 2022-2024.

34. 1907032 - Samrekstur á embættum skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa undanfarið haft til skoðunar að auka samstarf í skipulags- og byggingarmálum. Í því sambandi var óskað eftir samantekt frá SSV sem skilaði tillögum í júlí 2019. Í 50. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar er gert ráð fyrir að bæjarstjórn ráði í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

Bæjarstjórn hefur áður átt veitt bæjarstjóra umboð til sex mánaða til að tryggja að verkefnum skipulags- og byggingarfulltrúa verði sinnt í samræmi við ákvæði viðkomandi laga, annað hvort með því að ráða tímabundið í viðkomandi stöðu/stöður eða með því að kaupa þjónustu verktaka sem uppfyllir skilyrði laga.

Í ljósi þess að ekki hefur tekist að ljúka þeirri vinnu óskar bæjarstjóri eftir samþykki á sex mánaða framlengingarfrest á umboði á meðan unnið er að því að fá niðurstöðu um fyrirkomulag mögulegs samstarfs til að tryggja að verkefnum skipulags- og byggingarfulltrúa verði sinnt í samræmi við ákvæði viðkomandi laga, annað hvort með því að ráða tímabundið í viðkomandi stöðu/stöður eða með því að kaupa þjónustu verktaka sem uppfyllir skilyrði laga.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja sex mánaða framlengingarfrest á umboði á meðan unnið er að því að fá niðurstöðu um fyrirkomulag mögulegs samstarfs til að tryggja að verkefnum skipulags- og byggingarfulltrúa verði sinnt í samræmi við ákvæði viðkomandi laga, annað hvort með því að ráða tímabundið í viðkomandi stöðu/stöður eða með því að kaupa þjónustu verktaka sem uppfyllir skilyrði laga.

35. 1809017 - Þétting byggðar - Tillögur að þéttingu byggðar

Lagðar eru að nýju fram tillögur skipulags- og byggingarnefndar að þéttingu byggðar, en bæjarráð samþykkti á 616. fundi sínum fyrirbyggjandi hugmyndir að þéttingu byggðar og stofnun nýrra lóða í samræmi við afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar. Fór bæjarráð skipulagsfulltrúa að greina nágrönnum/hagsmunaðilum lóðahöfum Áskinn 6 og Borgarflöt 13 og 15 frá umræddum fyrirætlunum og gefa þeim kost á að tjá sig, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga.

Lögð eru fram gögn í tengslum við kynningu skipulagsfulltrúa á þéttingu byggðar við Borgarflöt og Áskinn, sbr. afgreiðsla 616. fundar bæjarráðs, en tillögurnar voru kynntar fyrir íbúum hverfisins sem áttu þess kost að skila inn athugasemdum fyrir 18. september 2020.

Skipulags- og byggingarnefnd lagði til á 244. fundi sínum að unnið verði lóðarblað fyrir Áskinn 6. Á 245. fundi skipulags- og byggingarnefndar var málið tekið nýju fyrir hvað varðar þéttingu byggðar við Borgarflöt og lagður fram athugasemdarlisti lagður með 28 undirskriftum íbúa, dags. 16.09.2020, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa um

málið. Á fundinum samþykkti nefndin framlagða umsögn skipulagsfulltrúa og lagði til að unnið yrði áfram með tillöguna.

Bæjarráð samþykkti tillögu skipulags- og byggingarnefndar á 619. fundi sínum.

36. 1905032 - Samningur við Snæfell

Lagður fram samstarfssamning Stykkishólmsbæjar við UMF Snæfell í samræmi við afgreiðslu 619. fundar bæjarráðs þar sem bæjarráð fól bærarstjóra að ganga frá samningi við Ungmennafélagið Snæfell á grundvelli umræðna á fundinum og leggja til samþykktar í bærarstjórn.

37. 2010031 - Stuðningur við börn á tekjulægri heimilum til að stunda íþrótt- og frístundastarf

Lagt fram minnisblað ásamt tillögu bærarstjóra þar sem bærarstjóri leggur til við bærarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi drög að reglum Stykkishólmsbæjar um úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021, í samræmi við fyrirbyggjandi minnisblað og drög að reglum, og að bærarstjóra verði falið að útfæra nánari framkvæmd verkefnisins og eftir atvikum umboð til þess að aðlaga reglurnar ef þurfa þykir.

38. 1808022 - Minnispunktar bærarstjóra

Framlagðir minnispunktar bærarstjóra.

27.10.2020

Jakob Björgvin Jakobsson, bærarstjóri.